

Nd.

186. Frumvarp til laga

[142. mál]

um breyting á lögum nr. 95/1975, um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

3. gr. laga nr. 95/1975 orðist svo:

1. Á árinu 1984 skulu skattstjórar leggja sjúkratryggingagjald á menn sem skattskyldir eru samkvæmt lögum nr. 57/1981.
2. Gjaldstofn sjúkratryggingagjalds skal vera hinn sami og gjaldstofn álagðra útsvara 1984.
3. Af fyrstu 237 000 kr. gjaldstofns sjúkratryggingagjalds greiðist ekkert gjald, en af þeim hluta gjaldstofnsins, sem umfram er 237 000 kr. greiðist 2%.
4. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.
5. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga skal tekið tillit til þess gjalds, sem um ræðir í þessari grein, til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1984 vegna tekna ársins 1983 hjá mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981 og vegna tekna ársins 1984 hjá mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. tölul. 3. gr., sbr. 71. gr. sömu laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1984 er gert ráð fyrir því, að á árinu 1984 verði lagt á sjúkratryggingagjald með sama hætti og gert var á grundvelli ákvæða laga nr. 19/1983 á árinu 1983. Af þessum sökum er þetta frumvarp lagt fram, en það er efnislega samhljóða lögum nr. 19/1983. Álagt sjúkratryggingagjald á árinu 1983 nemur 85.8 mkr. og er áætlað að af þessari fjárhæð innheimtist um 80 mkr. Ætla má að álagning sjúkratryggingagjalds á árinu 1984 nemi um 132 mkr. og að innheimt fjárhæð þess verði nálægt 120 mkr.

Gengið er út frá því, að tekjuskattar til ríkissjóðs, þ. e. a. s. sjúkratryggingagjald skv. þessu frv. og tekjuskattur skv. lögum um tekju- og eignaskatt, verði samanlagt óbreytt hlutfall af tekjum gjaldenda á greiðsluári, milli áranna 1983 og 1984.

Þegar á heildina er litið hækkar þetta hlutfall að því er sjúkratryggingagjaldið snertir. Þessi hækkun er svo hins vegar bætt upp með tilsvarendi lækkun tekjuskatts skv. frv. til laga um breyting á lögum um tekju- og eignaskatt.